

Einnig skal skipstjóri afhenda á síðustu höfn, er skipið tekur vörur til útflutnings, lögreglustjóra eða umboðsmanni hans, í Reykjavík tollstjóra, heildarfarmskrá yfir allar vörur, sem skipið hefir tekið til útflutnings hér á landi í umræddri ferð, og skal á hana ritað vottorð, undirritað af skipstjóra, um, að í skipinu séu ekki aðrar eða meiri útflutningsvörur en á heildarfarmskránni greinir. 56
27. júlí

Framangreind skjöl skal lögreglustjóri, í Reykjavík tollstjóri, síðan tafarlaust senda gjaldeyris- og innflutningsnefnd.

Reglugerð þessi öðlast gildi 20. ágúst n. k. og birtist hér með öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Fjármálaráðuneytið, 27. júlí 1936.

Eysteinn Jónsson.

Torfi Jóhannsson.

SAMÞYKKT

um viðauka við samþykkt um lokunartíma sölubúða í Vestmannaeyjakaupstað frá 12. apríl 1921. 57
31. júlí

Svo hljóðandi viðauki bætist aftan við 2. grein samþykktarinnar, sbr. samþykkt 10. apríl 1931:

Á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal öllum sölubúðum lokað á virkum dögum frá kl. 12½—3½ e. h.

Brauð- og mjólkursölubúðir skulu vera opnar eins og hér segir: Alla virka daga frá kl. 9 f. h. til kl. 7 e. h., nema á tímabilinu frá 1. júní til 31. ágúst skal þeim lokað frá kl. 12½—3½ e. h. eins og öðrum sölubúðum.

Á helgum dögum skulu þær vera opnar frá kl. 9 f. h. til kl. 1 e. h. og frá kl. 6—7 e. h.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 17, 1. febrúar 1936, til þess að öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 31. júlí 1936.

Haraldur Guðmundsson,

Vigfús Einarsson.